

Hverfisráð Hlíða

Ár 2018, fimmtudaginn. 28. febrúar, var haldinn 149. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Kjarvalsstöðum og hófst kl. 16.20. Viðstödd voru: Margrét M Norðdahl, Örn Þórðarson, Eva Baldursdóttir, Kristján Freyr Halldórsson, Hrefna Guðmundsdóttir, Jón Finnbogason áheyrnarfulltrúi, Sigþrúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á verkefni um alþjóðlega vernd hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíðum.

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð þakkar Magdalenu kærlega fyrir góða kynningu á þessu verkefni sem Þjónustumiðstöðin er að sinna, fólki sem sækir um alþjóðlega vernd.

Magdalena Kjartansdóttir tekur sæti undir þessum lið.

2. Fram fer kynning á Listasafni Reykjavíkur.

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð þakkar Ólöfu kærlega fyrir góða kynningu á þeirri starfsemi sem fram fer hjá Listasafni Reykjavíkur og þá sérstaklega á Kjarvalsstöðum sem er menningarhús í hverfinu.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir tekur sæti undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. janúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 á kynningu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi markmið um göngugötur í miðborginni.
4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. febrúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 7. febrúar 2018 á nýrri verklýsingu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. september 2017, vegna breytingar á aðalskipulagi vegna Laugavegs – Skipholts (reits 25).
5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. janúar 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. desember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna lóðarinnar nr. 100 við Nauthólsvæg.
6. Fram fer kynning á stöðunni í Hverfið mitt, en hugmyndasöfnun hófst þann 27. febrúar sl. Fundargestir eru jafnframt minntir á að hvetja fólk til að koma hugmyndum á framfæri.
7. Fram fer umræða um stalla sem eru í byggingu við Kjarvalsstaði.

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð óskar eftir að aðgengi fyrir notendur hjólastóla við nýja stalla við Kjarvalsstaði verði bætt þannig að aðkoma allra verði tryggð inn á stallana bæði frá túninu og Kjarvalsstaðamegin. Ef ekki er gert ráð fyrir því í núverandi hönnun þá er afar mikilvægt að bæta úr áður en verki lýkur. Jafnframt óskar hverfisráð Hlíða eftir því að það verði skoðað að gera lagfæringar á hluta stallana til þess að mögulegt verði fyrir hjólabretta og hlaupahjólaíðkendur að nýta sér stallana. Mikilvægt er að svæði hafi fjölbreytta notkunarmöguleika.

8. Lögð fram svohljóðandi formanns hverfisráðsins að umsögn um úthlutunarreglur hverfissjóð Reykjavíkur. Samþykkt.

9. Fram fara umræður um úthlutun styrkja á vegum hverfisráðsins.
10. Fram fer umræða um umferðarhraða á Kringlumýrarbraut.

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð tekur undir niðurstöður sem fram koma í skýrslu um að auka þurfi öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar og aðra staði í nágrenninu og óskar eftir því að strax verði farið í aðgerðir til þess að bæta öryggi gangandi og hjólandi með því að auka rýmingartíma á gönguljósum yfir Kringlumýrarbraut við Suðurver, við Listabraut, við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, við 365 miðla, við Lönguhlíð og við nýja gönguleið yfir Miklubraut við Klambratún. Hverfisráð óskar eftir að gangandi og hjólandi og öryggi og aðgengi þeirra verði sett í forgang á Miklubraut og Kringlumýrarbraut og að gönguljós og umferðaljós verði stillt með það í huga, þannig að bið gangandi og hjólandi styttest og öryggi aukist. Hverfisráð ítrekar mikilvægi þess að strax verði farið í að lækka hraða í hverfinu líkt og kemur fram í skýrslu um hraðaminnkun í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar. Mikilvægt er að þegar framkvæmd við Miklubraut lýkur að hraði verði áfram takmarkaður við 50 km. hraða. Á sama tíma verði hraði lækkaður annars staðar í samræmi við það sem fram kemur í skýrslunni, Snorrabraut niður í 40 km og Langahlíð sömuleiðis niður í 40 km hraða. Það mun hafa áhrif til góðs fyrir lífsgæði íbúa í hverfinu og auka öryggi vegfarenda.

11. Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Það kemur skýrt fram í lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 að hverjum eiganda er heimilt að ráðstafa sinni eign á sinn hátt. Hitt er annað að í grein 27. í áður greindum lögum má greina ákveðnar hömlur á nýtingu séreignar, þá með ónæði og röskun fyrir aðra eigendur. Ef eigandi séreignar kys að gera breytingar á sinni séreign til að fjölga leigjendum og kalla það námsmannaleigu, og það í sameign með einum sameiginlegum inngangi, kann það ekki að kalla á annað hvort frekari leyfisveitingu eða samþykki meðeiganda sameiginlegrar eignar?

12. Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun:

Ef eigandi húss eða að hluta sinnir ekki eign sinni, svo sem garði, í hvaða rétti eru aðrir nágrannar, þá ef upp koma aðstæður þar sem óhirtur garður er að dreifa frá sér illgresi sem aðir nágrannar þurfa þá að eyða tíma til að stöðva, eitra fyrir eða koma í veg fyrir í sinn garð. Hefur eigandi eignar full leyfi til að sinna lóð sinni að engu leyti, þá gagnvart öðrum aðliggjandi gördum?

- Kl. 18.15 vikur Eva Baldursdóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 18.23

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Kristján Freyr Halldórsson

Hrefna Guðmundsdóttir